

Lög um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 45.

Lög um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 46.

Lög um hitaafstöð og hitaveitu á Ísafirði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 47.

27 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Keldnahjónanna, Skúla 12. febr. Guðmundssonar og Svanborgar Lýðsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. febrúar 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Keldnahjónanna, Skúla Guðmundssonar og Svanborgar Lýðsdóttur.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður á áttæðisafmæli Skúla Guðmundssonar R.F., óðalsbónda á Keldum, hinn 25. okt. 1942.

2. gr.

Höfuðstóllinn er 2000 kr. Geymist annar helmingur hans í Söfnunarsjóði Íslands, en hinn helmingurinn í hinum Almenna kirkjusjóði, og ávaxtast höfuðstóllinn í sjóðum þessum samkvæmt þeim reglum, sem teknar eru fram í skipulagsskrá þessari.

3. gr.

Þann hluta höfuðstólsins, sem ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands má aldrei skerða, en verja má árlega $\frac{1}{2}$ vöxtum hans til þess að prýða kirkjuna á Keldum. Þegar innstæða þessi er orðin 2000 kr., má verja $\frac{3}{4}$ vaxtanna í þessum tilgangi.

4. gr.

Þann hluta höfuðstólsins, sem geymist í hinum Almenna kirkjusjóði, skal ávaxta þar, þangað til Keldnakirkja verður endurbyggð. Má þá nota alla innstæðuna — höfuðstól og vexti — til þeirrar byggingar.

5. gr.

Þegar Keldnakirkja verður endurbyggð, eru heimildir þær, sem getið er í 3. og 4. gr. því skilyrði bundnar, að kirkjan verði reist á sama stað og hún stendur nú og í sem allra líkustum stíl, sem nú er hún

6. gr.

Verði kirkjunni breytt verulega að formi til — turni eða húsi —, verði hún lögð niður eða flutt á annan stað, skal allur sjóðurinn falla til jarðarinnar Keldna, þannig: Innstæðan skal þá tekin öll úr hinum Almenna kirkjusjóði og lögð við innstæðuna í Söfnunarsjóði Íslands. Geymist þar þá og ávaxtist höfuðstóll sá allur óskertur, en taka má árlega $\frac{1}{2}$ vexti hans og verja þeim jörðinni Keldum til gagns og prýði. Þegar sjóður sá er orðinn 4000 kr. má verja allt að $\frac{3}{4}$ vaxtanna árlega í sama markmiði.

7. gr.

27

Ef til þess kemur að ríkið taki hluta af Keldnalandi, til eignar eða yferráða, vegna sandgræðslu eða á annan hátt, þá skal sá jarðarhluti, sem tilheyrir bænda-ábúðinni hafa forgangsrétt að vöxtum þeim, er jörðinni tilheyrir.

12. febr.

8. gr.

Auka má gjafasjóð þennan, hvora deildina sem er, eftir vilja gefenda, er eitthvað kynnu vilja leggja í hann.

9. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera 3 menn: Oddviti sóknarnefndar Keldnasóknar, sóknarpresturinn og eigandi Keldna eða fulltrúi þeirra, ef fleiri eiga jörðina.

10. gr.

Ef nefndur oddviti eða prestur verða eigendur Keldna, þá greiða þeir ekki atkvæði með breyting kirkjunnar á þann hátt, að fyrir breytinguna hverfi sjóður kirkjunnar til jarðarinnar. Í þeirra stað tekur þá sæti í stjórninni eldri meðstjórnandi sóknarnefndar, meðan fara fram umræður og atkvæði um breyting kirkjunnar.

11. gr.

Stjórn gjafasjóðsins gerir reikninga beggja deilda hans, eftir hver áramót, og skal þar gera nákvæma grein fyrir því, hversu varið hefur verið vaxtatekjum kirkju og jarðar.

Heimilt er að draga saman vexti hvorrar deildar um fleiri en eitt ár, til meiri-háttar framkvæmda.

Reikningarnir leggist fram á héraðsfundi, til samþykktar.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Keldum, 25. október 1942.

Skúli Guðmundsson. Svanborg Lýðsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Margrétar Björnsdóttur og Ólafs Guðmundssonar frá Hvammsdalskoti“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. febr. 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Margrétar Björnsdóttur og Ólafs Guðmundssonar frá Hvammsdalskoti.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Margrétar Björnsdóttur og Ólafs Guðmundssonar frá Hvammsdalskoti.

2. gr.

Þessi sjóður er stofnaður árið 1947 með gjöf, er við undirrituð hjón gefum til minningar um látna foreldra og tengdaforeldra okkar. Upphæð sjóðsins er kr. 1000.00.